


Snjómokstur Suðureyri

Á fundi sem hverfisráð Súgandafjarðar átti með Bæjarráði fyrr í haust var rætt um að við gætum komið til skila ábendingum er varðar forgangsöröðun á snjómokstri í þorpinu. Við lögðum þetta undir íbúa Suðureyrar og hvöttum þá til að koma með ábendingum ef þau hefðu einhverjar. Okkur bárust fjölmörg skilaboð, tókum þær saman og óskum eftir eftirfarandi breytingum á mokstursforgangsöröðun:

1. Margir íbúar gáfu sér sérstaklega tíma í að koma því á framfæri að í heildina væru þau sátt við moksturinn hjá verktakanum sem sér um hann. Göturnar væru vel skafaðar og fólk almennt ánægt með vinnubrögðin. Við viljum endilega að því verði komið til skila ásamt öðrum ábendingum.

2. Á skipulagið vantar alveg Brekkustíg, vegur sem liggur að nýjasta húsi bæjarins. Sá vegur ætti í heima í forgangi 3



3. Einnig vantar inn á skipulag Freyjugötu frá höfninni




og að Skipagötu. Mikil starfsemi er í Smiðjunni við þessa götu og gerir rekstri þar erfitt fyrir þegar safnaðir eru skaflar á þessa götu í stað þess að moka hana. Gatan ætti heima í forgangi 3

4. Túngata. Flestar ábendingar sem okkur bárust snerust að Túngötu. Þá bæðu „U“ svæðið hjá raðhúsunum og blokkinni sem og gatan sem liggur í beinu framhaldi frá tjörninni í botnlanga. Þarna verður vægast sagt mjög snjóþungt á veturnar og erfitt fyrir fólk að komast þaðan bæði gangandi sem og keyrandi og enginn annar staður fyrir fólk að leggja bílunum sínum utan þess svæðis. Ef við byrjum á þeirri götu Túngötunnar sem endar í botnlanga þá vilja íbúar koma því á framfæri að mjög erfitt er fyrir þau að komast þaðan yfir veturinn. Snjónum er safnað


saman í hrúgu við enda götunnar og þegar mikið snjóar þá nær sú hrúga út alla götuna og gerir það ómögulegt fyrir þau að færa bíla sína í burtu. Eftirfarandi lýsingar bárust frá íbúa götunnar:

- a. „Haugurinn teygir anga sína að tröppunum hjá mér og leiðir til þess að skafrenningur myndast sem fyllir tröppurnar mínar og hluta garðsins af snjó. Göngin sem ég moka ítrekað upp tröppurnar hjá mér fyllast jafn óðum og þegar það skefur svona úr haugnum verður snjórinn svo harður að það er mjög erfitt að moka hann. Nágrannar mínir í næstu húsum við mig þurfa oft á tíðum ekki að moka hjá sér en á sama tíma skefur allt jafnóðum hjá mér. Til viðbótar við framangreint er haugurinn staðsettur fyrir framan innkeyrsluna sem liggur upp með húsinu og get ég því ómögulega notað hana að vetri til þegar snjóar. Ég beini því hér með vinsamlega til bæjarins að tryggja að gerðar verði nauðsynlegar úrbætur á þessu og í það minnsta að gatan verði mokuð aðeins lengra þannig að haugurinn lendi ekki fyrir framan innkeyrsluna og upp við tröppurnar hjá mér heldur myndist fjær húsinu”



Óskað er eftir því að snjóhaugnum sé annaðhvort keyrt í burtu úr götunni, og væri sá kostur bestur, eða að farið sé með hann mun lengra út að fótboltavellinum. Sama vandamál verður í U svæði götunnar. Þar er safnað saman snjó í miðjunni og skefur af haugnum yfir á raðhúsin svo nær ómögulegt er að komast þaðan. Við leggjum því fram eftirfarandi tillögur að úrbætur í Túngötu. Færa Túngötuna upp í flokk 2 til að tryggja að þar sé mokað daglega enda mjög snjóþungt svæði. Einnig að snjóhaugum yrði keyrt af svæðinu og þá helst út í sjó.

5. Hjallavegurinn og Hjallabyggð eru í forgangi 2. Í ljósi þess að Aðalgatan er í forgangi 1 sökum öryggissjónarmiða teljum við réttast að Hjallavegur verði settur í slíkan




forfang líka. Ómögulegt er að komast að húsum í Hjallabyggð öðruvísi en að keyra upp Hjallavegin og er langt að labba þaðan. Ef upp kæmi neyðartilfell í þessari götu er engin leið að komast að þessum húsum ef ekki er búið að moka og

ansi löng ganga að svæði sem oft er um tvær mannhæðir af snjósköflum. Af öryggissjónarmiðum væri því æskilegt að færa Hjallaveg upp í forgang 1.

6. Mokstur um helgar. Við búum í mjög snjóþungu þorpi og vildu íbúar óska eftir þeim möguleika að einhver mokstur yrði um helgar, a.m.k. að mokaðar yrðu forgangur 1 götur um helgar.

7. Skaflasöfnun. Mjög snjóþungt er á Suðureyri og þá sérstaklega þegar við eigum snjóavetur líkt og var hér 2019-2020. Mjög erfitt getur verið að eiga við skafla sem myndast hér inni í bænum og skefur af þeim með tilheyrandi leiðindum. Við viljum því óska eftir því að verktakinn geti fengið oftari bíl frá Ísafirði til að flytja þessa skafla út úr bænum og auðvelda því íbúum fyrir með því að ekki skafi eins mikið af sköflunum, eða að keyra þeim jafn óðum út í sjó eða á svæði þar sem ekki er ónæði af.



Þarna eru sköflum safnað og veldur oft íbúum erfiðleikum

Íbúar tóku því fagnandi að fá að koma sínum ábendingum á framfæri og vill Hverfisráðið þakka fyrir þann möguleika.

Hverfisráð Súgandafjarðar